

16. tbl.

19. apríl. 2023

30 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Takið eftir!

## VORTÓNLEIKAR

Karلاكórsins Hreims



Ýdalir 22. Apríl 2023 kl. 20:30

Stjórnandi : Steinþór Práinsson  
Undirleikari: Judith György

Hlökkum til að sjá ykkur!

## Aðalsafnaðarfundur Hálssóknar

Verður haldinn í Skógum  
Þriðjudagskvöldið 4. maí 2023 kl 20:00  
Venjuleg aðalfundarstörf

- Kosningar
- Önnur mál.

Sóknarnefnd



# Sálubót



“Á meðan hafaldan hlær”

syngur **Söngfélagið Sálubót** inn sumarið á þrennum tónleikum nú í apríl

Gleráirkirkju Akureyri      þriðjudaginn 25. apríl kl 20:00

Porgeirskirkju Þingeyjarsveit      fimmtudaginn 27. apríl kl 20:00

Fosshótel Húsavík      sunnudaginn 30. apríl kl 15:00

**Sálubót** er blandaður kór fólks frá Húsavík, Þingeyjarsveit og Akureyri.

Fjölbreytt efnisskrá.



Einsöngvari: Laufey Ása Eypórsdóttir



Stjórnandi: Guðlaugur Viktorsson

Meðleikarar: Eypór Ingi Jónsson og Marika Alavere

Miðaverð 3500 kr - enginn posi



## Dagmar og Zacky

Óska eftir lítilli íbúð eða herbergi í sameiginlegri íbúð til leigu í Mývatnssveit  
Frá því um miðjan maí

776 5997

dagmar@scienceintolife.com

## Aðalfundur Skógræktarfélags Suður – Þingeyinga



fimmtudaginn 27. apríl, kl. 20:00.  
Félagsheimilinu *Breiðumýri* Reykjadal

Fyrirlestur um „*Birkið í Fnjóskadal, vöxtur útbreiðsla og árferði  
fyrir og nú*“ er Þorbergur Hjalti Jónsson sérfræðingur hjá  
Skógræktinni heldur.

Hefðbundin aðalfundarstörf. *Afmæliskaffi og terta af tilefni 80  
ára afmælis* félagsins á árinu.

Verið hjartanlega velkomin

Stjórnin

# Fundi frestað!

Frá Veiðifélagi Reykjadalssár og Eyvindarlækjar.

Eins og fram kemur í Tölvupósti frá formanni hefur Aðalfundi félagsins verið frestað.

Aðalfundur félagsins verður haldinn laugardaginn 29. apríl kl. 14:00 í Dalakofanum.

## Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar.
- Reikningar félagsins til afgreiðslu.
- Fjárhagsáætlun ársins og tillaga að endurbótum á Veiðihúsinu Bollastöðum
- Kosningar.
- Umræður um ræktunarstefnu.
- Önnur mál.

Stjórn félagsins

## Aðalfundur Björgunarsveitin Pingey

Aðalfundur Björgunarsveitarinnar Pingeyjar verður haldinn

föstudagskvöldið 28. apríl n.k kl. 20:30

í húsi sveitarinnar Melgötu 9,

léttar veitingar verða í boði

hefðbundin aðalfundarstörf, nýir og gamlir félagar

ávallt velkomnir.

Kveðja Stjórnin



## Afmælisár Skógræktarfélags Suður-Pingeyinga ,80 ára

Á þessu ári er Skógræktarfélag Suður-Pingeyinga 80 ára. Félagið var stofnað 19. apríl 1943 og er sambandsfélag deilda sem stofnaðar voru í hreppum sýslunnar. Fyrstu áratuginna var aðalstarf félagsins að hvetja til og styrkja skógrækt á sem flestum jörðum í sýslunni og skógarreitirnir urðu liðlega eitt hundrað. Árið 1960 tók félagið á leigu helming af Fossselsskógi og 1966 fékk félagið leigusamning um allan skóginn. Næstu áratugi varð skógurinn aðalræktunarsvæði félagsins. Auk Fossselsskógar hefur félagið gróðursett umtalsvert svæði á Hjallaheiði í Reykjadal.

Hin síðari ár hefur umhirða og nýting skóganna orðið aðalverkefni félagsins. Félagið hefur tekjur af höggi jólatrjáa og trén í Fossselsskógi hafa nú náð nýtingarstærð og munu næstu áratugi skila umtalsverðum viðarafla. Fyrirsjáanlega verður gisjun og nýting skógarins mikilvægur þáttur í starfseminni. Gömlu heimilisskógarnir eru yndisreitir á fjölmörgum bæjum í sýslunni og skógar félagsins í Fosseli og á Hjalla eru fögur útivistarsvæði. Kolefnisbinding úr andrúmslofti er orðin mikilvægur hluti skógræktar á Íslandi og skógar félagsins binda árlega mikið kolefni og munu gera um langa framtíð. Í sumar mun félagið bjóða til afmælishátíðar í Fossselsskógi 24.júní og verður hún betur kynnt þegar nær dregur.



## **Íbúð á vegum Leiguíbúða Þingeyjarsveitar hses. er laus til umsóknar**

Um er að ræða þriggja herbergja íbúð, um 80 m<sup>2</sup> að stærð, við Melgötu 6b við Stórutjarnaskóla. Íbúðin er laus til afhendingar.

Markmið Leiguíbúða Þingeyjarsveitar hses. með byggingu almennra íbúða er að bregðast við eftirspurn leiguhúsnæðis í sveitarfélaginu og um leið bæta húnæðisöryggi fjölskyldna og einstaklinga sem eru undir tekju- og eignamörkum skv. 10. gr. laga um almennar íbúðir við upphaf leigu. Um byggingu og útleigu íbúðanna gilda lög um almennar íbúðir nr. 52/2016.

**Leigist íbúðin ekki út skv. reglum um almennar íbúðir er heimilt að leigja hana út á almennum markaði. Leigusamningur er þá gerður til eins árs í senn.**

Nánari upplýsingar um umsóknarferli og úthlutun er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar [www.thingeyjarsveit.is](http://www.thingeyjarsveit.is)



## **Skólastefna Þingeyjarsveitar Íbúafundur**

Mánudagur 24. apríl kl. 20-22 í Ýdölum  
eða  
Þriðjudagur 25. apríl kl. 17-19 í Skjólbrekku

Nú stendur yfir vinna við nýja skólastefnu sveitarfélagsins undir handleiðslu ráðgjafa frá Skólastofunni slf. Það er ákaflega mikilvægt að sjónarmið allra hagsmunaaðila birtist í stefnunni þannig hún verði okkur gott vegað til framtíðar.

Við hvetjum alla íbúa til þess að mæta á íbúafund, hvort heldur sem er í Ýdölum eða Skjólbrekku. Það er mikilvægt að raddir ykkar heyrist því skólar eru þungamiðja samfélagsins og skipta okkur öllum máli. Mikil sóknarfæri er að finna í ólíkum sjónarmiðum og víðtækri reynslu allra íbúa. Skólastefna er sáttmáli um skólamálin og því áriðandi að sem allra flestir leggi sitt af mörkum.

Á íbúafundunum verður hópavinnu um stöðu skóla- og frístundamála í sveitarfélaginu – styrkleika, veikleika, áskoranir, sóknarfæri, skólaskipan og framtíðarsýn.

Vegna undirbúnings eru væntanlegir þátttakendur beðnir um að skrá sig á heimasíðu Þingeyjarsveitar eða í síma 464-3322. Vakni spurningar má senda tölvupóst á Astu F. Flosadóttur, verkefnastjóra, [asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is](mailto:asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is).

Hlökkum til að sjá ykkur og munið eftir að skrá ykkur

Stýrihópur um skólastefnu Þingeyjarsveitar



## Kæru íbúðaeigendur í Mývatnssveit!

Undanfarin misseri hefur verið viðvarandi undirmönnun í Reykjahlíðarskóla og leikskólanum Yl. Því miður hefur komið ítrekað til þjónustuskerðingar af þessum sökum, sem reynir mjög á barnafjölskyldurnar og samfélagið allt. Sú ánægjulega breyting er svo í farvatninu að útlit er fyrir umtalsverða fjölgun barna næsta árið.

Margar stöður eru nú auglýstar bæði í Reykjahlíðarskóla og í Yl. Gera má ráð fyrir að þessar stöður þurfi að manna að mestu með nýjum íbúum. Og þar kreppir skóinn, húsnæði er mjög af skornum skammti í Mývatnssveit. Fyrirhuguð er bygging nokkurra íbúða í Reykjahlíð, en þær fyrstu verða ekki tilbúnar fyrr en að áliðnu hausti og ekki tímanlega fyrir skólabyrjun.

Því leitum við til íbúðareigenda í Mývatnssveit; geturðu hlaupið undir bagga? Áttu íbúðarhúsnæði sem þú gætir hugsað þér að leigja um lengri eða skemmri tíma til starfmanns leikskóla/skóla? Ef svo er þá endilega sendu línu á verkefnastjóra fjölskyldumála Ástu F. Flosadóttur á netfangið: [asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is](mailto:asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is).

## Hlaupastelpan

# Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,

Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

*Hálfsíðuauglýsing* kr. 4.350.- m.vsk  
*heilsíðuauglýsing* kr. 6.300.- m.vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið [hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.  
Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar  
<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>